

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 351

september 2025



September 2025. Blað nr. 351

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00


Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is


Skrifstofustjóri: Kolfínna Guðmundsdóttir



Fjölumðæmisstjórn:



Anna F. Blöndal, fjölumðæmisstjóri. Anna er félagi í Lionsklúbbum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is



Thelma Rós Kristinsdóttir, umðæmisstjóri í 109A. Thelma Rós er félagi í Lionsklúbbum Eden og er með tölvupóstfangið thelmaros81@gmail.com



Adalsteinn Hallgrímsson, umðæmisstjóri 109B. Adalsteinn er félagi í Lionsklúbbum Vitaðsgjafi. Netfang Adalsteins er hallgrimssona@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2025 – 2026

Fjölumðæmisstjóri: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Umdæmisstjóri 109A: Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Umdæmisstjóri 109B: Adalsteinn Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjölumðæmisritari: Jónatan Smári Svavarsson, Lkl. Álftanes

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Arnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Vara fjölumðæmisstjóri: Inga Lóa Steinarisdóttir, Lkl. Freyja

Protokol- og þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Porkell Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir, Lkl. Kiddi (.is)

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

GMT stjóri: (félagamál): Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-OC nefndarmaður: Porkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Heilbrigðisstjóri: PID Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

IPID – fyrrverandi alþjóða-

stjórnarmaður 2023-2025:

Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganefnd (form.): Eldjárn Arnason,

Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarsson,

Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumðæmisstjóri 109A: Einar

Hilmarsson, Lkl. Laugdæla

Varaumðæmisstjóri 109B: Sigríður

Fríðriksdóttir, Lkl. Hrærek

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Björgvin G. Sigurðsson, Lkl. Dynkur

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2025 – 2026:

Alþjóðaförseti A.P. Singh, India;

Fyrrverandi alþjóðaförseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Vara alþjóðaförseti, Mark S. Lyon,

United States;

Annar vara alþjóðaförseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

Þriðji vara alþjóðaförseti Tony Benbow,

Australia.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Brami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Tychus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Subhash Babu, India;

Nadine Bushell, Trinidad;

Soon-Tak Choi, Republic of Korea;

Liz Crooke, USA;

Debbie Dawson, Canada;

Celina Guimarães, Brazil;

Nazmul Haque, Bangladesh;

Kuo-Yung Hsu, China Taiwan;

Dr. Mark Mansell, USA;

Drazen Melcic, Croatia;

Ryozo Nishina, Japan;

Niels Schneider, Romania;

Gary Steele, USA;

Tomoyuki Tanabu, Japan;

Hroar Thorsen, Norway;

Melissa Washburn, USA;

David W. Wentworth, USA.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd:

A.P. Singh alþjóðaförseti Lions

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá hefst nýtt starfsár, sem reyndar hófst 1. júlí síðastliðinn þegar nýtt starfsár hjá Lions fór af stað. Þetta er fyrst tölublað þessa starfsárs og þá eru fastir liðir að titilsíða breytist og nýir alþjóðastjórnarmenn og aðrir í yfirstjórn Lions á heimsvísu eru skráðir. Eins er nýtt fjölumðæmisráð kynnt á titilsíðu sem og nýr alþjóðaförseti, A.P. Singh sem þrýðir forsiðu bladsins.

Þetta blað er eins og venjan er með fyrsta tölublað starfsársins eingöngu netblað. Við höfum tekið þá ákvörðun að í stað þess að senda út til allra félaga blaðið í heild sinni að senda aðeins hlekk (link) á blaðið sem þið opnið og þá birtist blaðið. Þetta gerum við til hægðarauka fyrir félagana. Ef þið viljið sækja blað í niðurhali þá er það einfalt mál.

Margar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa og má nefna grein fjölumðæmisstjóra, grein um ungmenningaráðirnar í Reykjaneshæ og greinar umdæmisstjóranna okkar svo eitthvað sé nefnt.

Ég hvet alla nýja stjórnarmenn í klúbbum á Íslandi sem og nýja embættismenn að taka upp pennann frá forverum sínum og setja sér það markmið að skrifa í Lionsblaðið á starfsárinu. Þetta er blaðið okkar sem fjallar nær eingöngu um málefni Lions

bæði á innlendum og erlendum vettvangi og ættu því allir lionsmenn að finna eitthvað sem vekur áhuga þeirra. Margir klúbbar eru með frábært starf í gangi og segja frá því í blaðinu sem ætti að vera hvatning fyrir aðra að gera enn betur eða í það minnsta að frá hugmyndir um ný verkefni.

Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blads.

Að lokum þakka ég þeim sem létu af embættum 30. júní síðastliðnum fyrir óeigingjörn störf þeirra í þágu Lions á Íslandi, sérstaklega þakka ég fjölumðæmisstjórn fyrir gott samstarf og Halldóri Kristjánssyni fyrir starf hans í alþjóðastjórn. Eins býð ég nýtt fólk velkomið til starfa í æðstu embættum á Íslandi og ég vænti mikils af þeim Lions á Íslandi

Vinsamlegast sendið greinar á netfang okkar ásamt myndum.

Netfang Lionsblaðsins er: lionsbladid@lions.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Saman þjónum við

Pistill Alþjóðaforseta



Kæri lionsfélagi,
Lions er þjónustusamtök það sem sameinar okkur — bæði í okkar eigin hverfum og víðsvegar um heiminn. Við gætum komið úr mismunandi áttum og menningarheimum,

en við deilum sama tilgangi: að gera lífið betra fyrir aðra.

Skilaboð okkar fyrir starfsárið 2025–2026, „Leiða til að þjóna, þjóna til að leiða“, minna okkur á að þjónusta og forysta fara hönd í hönd. Sérhvert þjónustuverk sýnir öðrum hvað það þýðir að leiða af hjarta. Því meira sem við þjónum, því meira vöxum við — sem einstaklingar, sem klúbbar og sem alþjóðleg fjölskylda.

Til að gera þetta ár að einhverju sem vert er að fagna verðum við að hefja það af krafti. Það þýðir að grípa til aðgerða snemma — bjóða nýja meðlimi velkomna í klúbbana okkar og styðja viðleitni umdæmanna til að stofna nýja klúbba. Að ná markmiðum okkar fyrr en áætlað var gefur okkur þá orku sem við þurfum til að gera enn meira gagn yfir árið.

Þegar við vöxum skulum við einnig tryggja að klúbbar okkar taki á móti öllum sem hafa hjarta fyrir þjónustu. Erum við að bjóða ungu fólki að koma með sína orku og fersku hugmyndir? Erum við að skapa rými fyrir fleiri konur, sérstaklega þar sem það hefur verið áskorun? Hver klúbbur ætti að endurspeglar

samfélagið sem hann þjónar — fjölbreytt, líflegt og fullt af möguleikum.

Nú er einnig rétti tíminn til að hefja áætlanagerð fyrir Þjónustuvikurnar ykkar. Lions og Leóar um allan heim munu sameinast í þrjár öflugar vikur til að sinna málefnum sem tengjast geðheilbrigði og vellíðan, hungri og umhverfinu. Þetta er frábært tækifæri til að bjóða nýjum vinum að taka þátt í þjónustu með okkur og upplifa í eigin persónu hvað það þýðir að vera Lions.

Áhrif okkar ráðast af styrkleika okkar. Styrkur okkar kemur frá fólkinu okkar. Svo við skulum vaxa með tilgang — og leiða í gegnum þjónustu.

Saman þjónum við,

A.P. Singh alþjóðaforseti Lions
Þýðing: Þorkell Cýrusson



LCIF teymið á Íslandi

Styrkjum Alþjóðahjálparsjóðinn

Á 50 ára afmæli Lionshreyfingarinnar var Alþjóðahjálparsjóðurinn (LCIF) stofnsettur. Markmið sjóðsins er að styðja við og efla starf lionsklúbba víðsvegar um heiminn.

Tilgangur LCIF er að styðja lionsklúbba, sjálfbærni og samstarfsaðila til að bæta heilsu og vellíðan og styrkja samfélög. Styðja við þá sem þurfa á aðstoð að halda með mannúðarstarfi og styrkjum, sem hafa áhrif á líf fólks á heimsvísu og hvetja til friðar og alþjóðlegs skilnings.

Á starfsárinu árið 2024–2025 lögðu íslenskir lionsfélagar fram USD 80.582,29 sem er um kr. 10.000.000. líklega er framlagið aðeins hærra í krónum talið enda lækkaði gengi dollara gagnvart krónunni á þessu almanaksári. Með þessum framlögum þá náðum við tilætluðum árangri hreyfingarinnar en þó lækkuðu framlög okkar þetta árið. Á því eru margar skýringar en við megum vera stolt af okkar starfi og framlögum.

Á starfsárinu 2025–2026 er markmið okkar að framlög frá Íslandi verði sem svarar kr. 7.500.- á hvern félag. Þessu vonumst við til að ná með framlögum klúbba og lionsfélaga. Öll framlög telja til Melvin Jones viðurkenninga. Fyrir tveimur árum var styrktarpinninn LCIF breytt þannig að á hverju ári kemur pinni hvers alþjóðaforseta, með þessu móti þá fær pinninn söfnunargildi. Eins og venjulega eru þrír pinnar í boði þeir kosta 50, 100 og 200 USD. Lions á Íslandi er skráð á almannaeignaskrá og fá þeir sem gefa til sjóðsins skattaafslátt þegar gjöfin er lögð inn á reikning hreyfingarinnar hér heima.

Við viljum benda klúbbum, svæðum og umdæmum á að Alþjóðahjálparsjóðurinn veitir styrki til mismunandi verkefna, hafið samband og fáid frekari upplýsingar.

Með lionskveðju,
Björn, Anna og Geirþrúður.



Skilafrestur á efni í næsta blað er 30. október

Fjölmúðæmisstjóri

Anna Fr. Blöndal,

Fjölmúðæmisstjóri



Kæru lionsfélagar.

Það er alltaf tilhlökkunarefni þegar lionsstarfið fer aftur af stað eftir sumarfrí. Ég vona að þið hafið haft það gott í sumar og komið endurnærð til starfa á ný.

Fyrsti fundur fjölmúðæmis og beggja umdæma var haldinn 6. september 2025. Þrjátíu lionsfélagar tóku þátt í fundinum. Dagskrá fundarins var fjölbreytt og það er ljóst að við munum hafa í nógu að snúast á starfsárinu. GAT/GET teymin skýrðu frá stöðu mála framundan í verkefna-, fræðslu- og félagamálum. Vegna Mission 1.5 mun mikil áhersla verða lögð á fjölgun félaga og góð samvinna þarf að vera milli GMT félagateymis og GET útbreiðsluteymis. Markaðs og kynningarstjóri hefur einnig hlutverk þar. GLT fræðsluteymi. Framundan eru haustnámskeið fyrir embættismenn klúbba og svæðisstjóra til upprifjunar frá námskeiðunum á þinginu í vor. Hjá GST verkefnateymi er Friðarveggspalda-keppnin í vinnslu ásamt öðrum föstum verkefnum. Það geta klúbbbar lagt lið – ég hvet klúbbstjórnir til að hafa samband við GST stjóra og aðstoða með samskipti við skóla í sinni heimabyggð.

Starfsemi ársins er komin á fullt skrið – Fundargerð liggur ekki fyrir en ég hvet alla til að fara inná lions.is og lesa þegar hún er komin inn.

Alþjóðþing Lions var haldið í Orlando, Florida í Bandaríkjunum 13. – 17. júlí. Við vorum 14 frá Íslandi sem sóttum þingið. Þeir sem þurftu að fara og síðan indælir ferðafélagar sem gerðu ferðina enn skemmtilegri. Þetta var mikil törn hjá umdæmisstjórnunum okkar, þeim Thelmu Rós Kristinsdóttur, umdæmisstjóra 109A og Aðalsteini Hallgrímssyni, umdæmisstjóra 109B, því auk þess að sitja þingið eins og við hin, luku þau síðasta áfanga umdæmis-

stjóraskólans og voru svo sett í embætti við hátíðlega athöfn.

Það var líka í nógu að snúast hjá Guðrúnu Björt Yngvadóttur, fyrrverandi alþjóðaforseta og eiginmanni hennar Jóni Bjarna Þorsteinssyni, fyrrverandi alþjóðastjórnarmanni eins og áður á Alþjóðþingum. Einnig hjá Halldóri Kristjánssyni, alþjóðastjórnarmanni og Jennýju Ágústsdóttur, eiginkonu hans. Allt frábærir félagar sem halda merki Íslands og Norðurlandþjóðanna hátt á lofti innan Lions.

Nýr alþjóðaforseti Lions, A.P. Singh frá Indlandi, var kosinn á þinginu fyrir starfsárið 2025 - 2026. Einkunnarorð hans eru „Lead to Serve - Serve to Lead“ – sem er ill-þýðanlegt á Íslensku svo vel sé.

Þjónandi leiðtogi: „Þjóna til að leiða – leiða til að þjóna“

Þetta er þekkt hugtak úr leiðtoga þjálfun, að „þjónandi leiðtogar“ fylgi leiðtogastíl frekar en stjórnunarstíl. Hlutverk þjónandi leiðtoga byggist á þeirri hugmynd að **sönn forysta (lead) spretti af þjónustu við aðra**. Í stað þess að líta á áhrif sín eða stöðu sem aðalmarkmið, þá leitast þjónandi leiðtogi við að efla, styðja og leiða fólkið sitt þannig að það geti vaxið, blómstrað og náð sameiginlegum markmiðum.

Í mörg undanfarin ár höfum við Í Lions á Íslandi boðið nýjum alþjóðaforseta að heimsækja okkur. Alþjóðaforseti A.P. Singh hefur þekkt boðið og boðað komu sína til Íslands ásamt Sangeeta Jatia fyrrverandi alþjóðastjórnarkonu. Þau verða hér á landi dagana 22. – 25. nóvember. Mission 1.5 eða félagafjölgun er aðal áherslu mál A.P. Singh. Hann óskar því eftir að funda með GAT teyminum í umdæmum og fjölmúðæmi. Hann vill líka taka inn nýja félagar ef hægt er, skoða verkefni sem hafa verið styrkt af LCIF og halda upplýsingafund með leiðtogum hreyfingarinnar hérlandis. Ef nýr klúbbur er í burðarliðnum væri frábært að geta kynnt slíkt og allar ábendingar um nýja félagar væru vel þegnar.

Við bindum vonir við að fá góða leiðsögn og verkfæri í hendurnar á upplýsingarfundinum með Alþjóðaforseta og Sangeeta Jatia í því verkefni að fjölga félögum í Lions.

Verkefnin framundan eru fjölmörg og GAT/GET teymin okkar eru þegar undirbúin fyrir þau. Næst okkur í tíma eru umhverfisverkefnin og ég hvet alla lionsmenn að taka þátt í sameiginlegu verkefni okkar og Lands og skógar. Dagný Finnsdóttir umhverfisstjóri stýrir því og þegar hafa verið sendar upplýsingar til klúbba. Tökum þátt og verum sýnileg í gulu vestunum. Tökum fjölskylduna með – börn, barnabörn tengdabörn og gerum umhverfi-

verkefnin að gæðastund fyrir fjölskyldur og vini félaganna í klúbbum.

Október er síðan mánuður geðheilbrigðis og opinn fundur um „Andlega heilsu og vellíðan“ verður 30. október í Hlíðarsmáranum. Fundinum verður líka streymt. Frummælendur á fundinum eru fagfólk úr heilbrigðis þjónustunni og fleiri. Eftir framsögur mun fólki gefast tækifæri á að fá spurningum svarað.

Fjölmargt er á döfinni í fræðslumálum og meiningin að gefa svæðum og klúbbum tækifæri til að fá fræðslu til sín á fundina. Það er mjög vonduð og góð fræðsla í boði en er lítils virði ef enginn nýtir hana. Vinna er einnig í gangi við að endurskoða starfslýsingar embætta og teyma – eitthvað sem þarf að gera reglulega, því alltaf verða einhverjar breytingar þó meginlínurnar séu þær sömu. Þetta er mikil vinna sem Jón Pálmason og Geirprúður Fanney Bogadóttir hafa tekið að sér og þau munu kalla eftir aðstoð ef með þarf.

Við erum byrjuð að búa til Lions netföng fyrir embættin þannig að samskipti fari ekki fram á einkanetföngum embættismanna heldur netföngum á léni Lions á Íslandi t.d. var fundarboð fyrsta fundar sent frá ritari.md@lions.is – ritarar umdæmanna fá sín. Þegar embættisferli lýkur er aðgangur að pósthólfinu færður. Tilgangurinn er að allt efni og upplýsingar séu aðgengilegar og varðveittar hjá hreyfingunni. Á fundinum var einnig farið yfir tölvu og hýsingarmál hreyfingarinnar þar sem kerfin sem unnið er á eru orðin gömul og gögnin okkar etv. ekki eins vel varin og æskilegt er. Netteyminu var falið að halda verkefninu áfram og koma með tillögur og upplýsingar um kostnað fyrir næsta fund.

Erlent samstarf – NSR - Evrópuþing

NSR – Samstarfsvettvangur Norðurlandanna. Þetta samstarf hefur staðið síðan 1962 þegar NSR var stofnað. Á þessum áratugum höfum við tekið þátt í sameiginlegum verkefnum á þessum vettvangi. Fjölmúðæmisstjórar landanna fimm mynda stjórn NSR. Sér til ráðuneytis hefur stjórn fimm svokallaða OC (Organising Committy) einn frá hverju landi og situr hver þeirra í fimm ár, einn nýr kemur inn hvert ár og annar fer út.

Fjölmúðæmisstjórar koma og fara en þessi fimm manna nefnd ber þekkinguna áfram til nýrra stjórnarmanna sem koma árlega. Þetta samstarf hefur verið í nokkuð svipaðri mynd í áratugi. Fjölmúðæmisstjórar NSR funda mánaðarlega á neti en síðan er haldinn einn staðfundur í september ár hvert til undirbúnings fyrir NSR þing sem haldið er 3. helgi í janúar. Sú nýbreytni verður á septemberfundi að löndunum er ætlað að koma með tillögu að

sameiginlegu verkefni og kynna á fundinum. Ísland á að kynna mögulegt „Rauðu fjaðrar“ verkefni. Í blaðinu er grein um verkefnið sem Lions á Íslandi mun kynna sem er „Samtaka-máttur gegn sjálfsöfnæmi“

Porkell Cýrusson NSR OC ráðgjafi fyrir Ísland fer ásamt mér á þennan september fund. Rekstur NSR færast einnig milli landanna og núna reka Finnar NSR og á næsta starfsári er komið að Íslandi. Þetta þarfnast mikils undirbúnings og sú vinna er þegar hafin.

Evrópuþing Lions verður haldið í Dublin á Írlandi 5. – 8. nóvember. Fjölmundæmisstjóri og ungmennaskiptastjóri sitja þingið fyrir hönd fjölmundæmisins. Ungmennaskiptabúðir voru haldnar á Suðurnesjum í sumar og tókust afskaplega vel. Á síðasta starfsári voru ekki

haldnar ungmennaskiptabúðir á Íslandi en reynslan frá í sumar er hvatning til að halda áfram. Það voru einungis tvö ungmenni sem fóru frá Íslandi sem er umhugsunarvert fyrir okkur.

Pá að starfinu í vetur; Það er áætlað að halda fjóra fjölmundæmis- og umdæmisfundir á starfsárinu. Næsti fundur verður 15. nóvember og stefnt á að halda hann utan höfuðborgarsvæðisins, þá 7. febrúar og verður netfundur, enda allra veðra von á þeim árstíma, fjórði og síðasti fundurinn verður síðan haldinn 18. apríl í Hlíðasmára.

Lionsþingið verður haldið á Laugarvatni, 29.-31. maí 2026. Það eru eftirtaldir klúbbar sem bjóða til þings. Lionsklúbburinn Dynkur, Lionsklúbburinn Geysir, Lionsklúbbur

Laugarvatns og Lionsklúbburinn Skjaldbreiður. Það vorar vonandi vel 2026 og við njótum þess að vera á þingi í fallettu umhverfinu við Laugarvatn.

Það var mjög ánægjulegt að hitta lionsfélaga aftur eftir sumarfrí. Það eru mörg stór verkefni á starfsárinu ég hlakka til takast á við þau með ykkur, lionsfélögum um land allt, starfsfólkinu hér á skrifstofunni, lionsfélögum okkar á Norðurlöndunum og í Evrópu. Það víkkar sjóndeildarhringinn að vinna með fólki víða að – ekki bara hér heima heldur út um heiminn.

Hver dagur færir okkur fangið fullt að tækifærum – við þurfum bara að grípa þau.



LCIF teymið á Íslandi Frá Alþjóðahjálparsjóðsteymi Lions



Lions Clubs International
FOUNDATION

Hér að neðan er uppfærð ársskýrsla LCIF teymisins frá þinginu í Ólafsvík í vor. Tölur um framlög berast okkur með nokkurri tímatöf og í raun þá vitum við ekki nákvæm framlög fyrr en í byrjun ágúst ár hvert.

Starf: Við sem skipum teymi Alþjóðahjálparsjóðsins f.h. Lions á Íslandi höfum fundað reglulega þetta starfsárið. Starfið byrjar ár hvert á sameiginlegu námskeiði um Alþjóðahjálparsjóðinn og starfsemi hans sem haldið var í Berlín síðastliðið haust, Anna sótti námskeiðið fyrir okkar hönd. Á árinu höfum við skrifað greinar í Lionsblaðið, sent hvatningarbref til klúbba og óskað eftir stuðningi við sjóðinn, heimsótt svæðisfundi, farið á fundi nokkurra klúbba, haldið opinn netfund fyrir lionsfélaga á Íslandi, auk þess sem við fluttum skýrslur á fundum umdæmis og fjölmundæmis.

Markmið: Við settum fram markmið ársins 50 USD hvern félagi eða um kr. 7.500., sama markmið og í fyrra en þau náðust þá. Funduðum með umdæmis og varaumdæmisstjórum og útbjuggum nokkrar glærur sem þau gátu notað í sínum heimsóknum. Til að bæta upplýsingagjöf til félaga þá höldum við rýnifund með nokkrum félögum sem hafa mismikla lionsreynslu, þetta var skemmtilegt. Það sem við vorum að leita eftir var fyrst og fremst hvað félagar vissu og hvernig við gætum

útbúið frekara kynningarefni. Niðurstaðan var sú að vera með fleiri fundi um betur afmarkaða hluta starfs LCIF.

Úkraína: Á starfsárinu höldum við áfram samstarfi við finnskt lionsumdæmi ásamt fjölmörgum öðrum þjóðum um að senda viðareldavélar til Úkraínu. Á síðasta starfsári þá var góð þátttaka í þeirri söfnun hér heima, við vorum í sjálfu sér aðeins efins um hvort að við ættum að leggja áherslu á það málefni í ár – en því miður þá virðist stríðið í Úkraínu vera að fjarlægjast okkur eða að við erum orðin ónæg fyrir þeim hryllingi sem gengur á þar. Engu að síður þá ákváðum við að það málefni yrði sett á oddinn hérna heima en að sjálfsögðu geta lionsfélagar og klúbbar valið hvaða verkefni sem er unnið af sjóðnum.

Styrkir: Á starfsárinu sóttu klúbbar ekki um styrki til Alþjóðahjálparsjóðsins en starfsárið 2023-2024 var sótt um styrki í báðum umdæmum. Við hvetjum klúbba til þess að hafa samband við okkur vegna styrkamála, jafnframt bendum við á möguleika umdæma og jafnvel svæða til styrkja til ákveðinna verkefna.

Framlög: Á árinu gáfu íslenskir lionsfélagar samtals USD 80.582. eða um kr. 10.000.000 til LCIF. Það er nokkur minnkun frá fyrra ári, fjárhæðin er rétt innan við kr. 6000. á hvern félagi.

Skattaafsláttur: Lions á Íslandi er skráð sem almannaheillafélag, það þýðir að framlög einstaklinga til Lions eru frádráttarþær frá skatti og koma forskráð á skattaskýrslum þeirra sem gefa til Lions.

Að lokum: Of oft heyrum við í klúbbum sem að segjast eingöngu vera að starfa í nærumhverfi sínu. Lionshreyfingin er stærsta **Alþjóðlega þjónustuhreyfingin** það fylgir því að vera í Lions að styðja við bakið á öðrum lionsfélögum sem vinna að góðum mállefnum víðsvegar um heiminn. Við höfum notið þess í gegn um tíðina, nægir þar að nefna framlög vegna náttúruhamfara bæði í Vestmannaeyjum, snjóflóðum á Vestfjörðum, jarðskjálftum á Suðurlandi auk stórra framlaga bæði vegna Lions Quest verkefna hreyfingarinnar og síðan til kaupa á lækningatækjum. Íslenskir lionsfélagar hafa verið duglegir að styrkja sjóðinn undanfarin ár, um leið og við þökkum fyrir það þá minnum við á að í hverjum mánuði koma nýjar áskoranir, bara í nú síðustu mánuðina, þá er hægt að nefna flóð á Spáni, elda í Los Angeles, hörmungarnar á Gaza og svona mætti lengi telja. Það munar um okkar framlög – munum að við erum hluti af stórrí heild.

Björn Guðmundsson, Anna Blöndal og Geirprúður Fanney Bogadóttir

Umdæmisstjóri 109A

Thelma Rós Kristinsdóttir,,

Umdæmisstjóri 109A



Aaahh! haustið er alveg að koma... Og fyrir okkur sem erum ennþá með börn í grunnskóla táknar þessi tími að nú sé dásamlega rútínin komin í gang aftur eftir langt og gott sumarfrí.

En haustin tákna líka nýtt starfsár hjá okkur í Lions, nýtt upphaf, oft með nýrri stjórn, nýjum

áherslum, nýjum félögum og stundum nýjum og spennandi verkefnum fyrir klúbbinn okkar.

Það eru líka komnir nýir umdæmisstjórnarar í A og B umdæmi, nýr fjölumdaemisstjóri og nýtt fólk í umdæmis- og fjölumdaemisstjórn.

Hæ, ég heiti Thelma Rós og er umdæmisstjóri í umdæmi 109-A og ég get ekki beðið eftir að starfsárið byrji, og að ég geti heimsótt þá klúbba sem ég á eftir að heimsækja. Taka þátt í umdæmis- og fjölumdaemisfundum, hitta Aðalsteinn og Önnu Blöndal á vikulegum fundum okkar, hitta Einar varaumdaemisstjóra og Björgvin annan varaumdaemisstjóra á vikulegum fundum okkar. Skipuleggja skemmtileg námskeið með GLT teyminu okkar, félagafjölgun með GMT og GET teymunum okkar og að vonandi hitta eins marga lionsfélaga og ég get, til að tala um starfið framundan og hvernig ég sem umdæmisstjóri geti orðið ykkur að liði í ykkar verkefnum í vetur.

Aðeins um mig... ég er 44 ára Hvergerðingur, alin upp af tveimur öflugum Lions félögum, er stofnfélagi og fyrsti formaður Lkl. Eden í Hvergerði, hef verið svæðisstjóri á svæði 4 í umdæmi 109-A, GLT fulltrúi, svo annar

varaumdaemisstjóri, varaumdaemisstjóri og nú umdæmisstjóri.

Pegar ég byrjaði í Lions 27 ára gömul, eða fyrir 17 árum, var þetta kannski ekki sú framtíðarsýn sem ég hafði ímyndað mér, að ég myndi feta í fótspor pabba og verða umdæmisstjóri, (hann var umdæmisstjóri 1999-2000). Pegar ég var beðin um að feta þessa leið, gat ég ekki skorast undan þeirri áskorun og hér er ég nú og get ekki beðið eftir að byrja þetta starfsár með öllum sínum verkefnum, fundum, og nýjum tækifærum.

Það er von mín að starfsárið í ár verði okkur öllum skemmtilegt og árangursríkt, að við náum þeim markmiðum sem við setjum okkur og við gleymum því ekki, að það að vera félagi í lionsklúbba á fyrst og fremst að vera gaman og gefandi, að við þjónum þeim sem eru þurfandi, og að við höfum öll gaman saman!

Ef það er eitthvað sem ég get aðstoðað þig eða þinn klúbb með í vetur ekki hika við að hringja í mig í síma 659-5151, senda mér tölvupóst á thelmaros81@gmail.com eða á Facebook Messenger.

Með Lions kveðju.

Málþing Lions 2025: Andleg heilsa og vellíðan

Fimmtudaginn 30. október kl. 16:00-18:00 í Lionssalnum Hlíðasmára 14, Kópavogi



Fjallað verður um geðheilbrigðismál á breiðum grunni, m.a. um vanda barna, ungmennta og eldra fólks.

Meðal fyrirlesara verða:
Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarséfr. og fyrrverandi formaður Geðhjálpar
Engilbert Sigurðsson prófessor í geðlæknisfræði við HÍ og yfirlæknir á LSH
Gunnhildur Ólafsdóttir sálfræðingur, fagstjóri Pieta.

Fyrirspurnir og umræður.

Málþingið er öllum opið – Aðgangur ókeypis

**„Andleg heilsa og vellíðan“ er alþjóðlegt Lionsverkefni:
„Shining a Light on Mental Health & WellBeing“**



Að byggja heim án hungurs

LCIF og World Food Program (WFP) í samstarfi um skólamáltíðir Eftir Shelby Washington



Fyrir milljónir barna um allan heim getur skólamáltíð haft lífs breytandi áhrif – bæði innan sem utan kennslustofunnar. Að fara í skólann á fastandi maga getur dregið úr einbeitingu og námsárangri, sem gerir það erfiðara að undirbúa sig fyrir framtíðina.

„Ef ég fer svöng í skólann sofna ég bara í tímum. Matur gefur mér nægjanlega orku til að klára að læra,“ sagði Janet Lino, nemandi við grunnskóla, Karenga Boys.

Í ljósi þess að næringarríkar máltíðir hafa gífurleg áhrif á langtímaárangur nemenda, hóf Lions Clubs International Foundation (LCIF) og World Food Program (WFP) í Bandaríkjunum fjögurra milljóna dollara samstarf til að bregðast við fæðuóryggi. Hvor samtök leggja til tvær milljónir dollara til að styðja við heimagerðar skólamáltíðaáætlanir Sameinuðu þjóðanna (WFP) í Ekvador, Nepal, Srí Lanka og Úganda, sem nær til u.þ.b. 880.000 barna í yfir 7.000 skólum.

Fyrirverandi alþjóðaförseti og formaður LCIF 2024-2025, Dr. Patti Hill, heimsótti skóla sem taka þátt í verkefninu í Úganda og lagði áherslu á mikilvægi þessa samstarfs. „Pegar við horfum á fjölda barna sem búa ekki við mataröryggi, þurfum við að grípa inn í og gefa þeim góða og næringarríka byrjun á lífinu. Samvinna svona skólamáltíðarverkefna gerir okkur kleift að stuðla að heilbrigði, næringu og menntun.“

Fyrir utan augljósan ávinning fyrir nemendur snýr mikilvægur partur verkefnisins að því að efla staðbundið hagkerfi. Þar sem bændur á svæðinu framleiða matinn fyrir skólamáltíðirnar, reiknar WFP með því að „heimaræktuð“ skólamáltíðarverkefni geti skapað yfir 1.400 störf fyrir hver 100.000 börn sem fá að borða.

„Við gefum börnunum að borða, en styðjum einnig við innlenda matvælaframleiðslu og búum til sjálfbærni fyrir landið okkar,“ útskýrði Stanley Burbikire, fyrirverandi umdæmisstjóri í umdæmi 411B.

Þó hungur sé alheimsástand, leitast þetta samstarf við að finna lausnir sem koma frá samfélaginu sjálfu til að lyfta og styrkja þá sem beint verða fyrir áhrifum af fæðuóryggi.

„Skólamáltíðir eru áhrifaríkasta leiðin til að tryggja að börn fái næringarríka máltíð daglega og haldist í skóla. Þetta er fjárfesting í



bjartari framtíð og heimaræktaðar skólamáltíðir eru tækifæri til að byggja upp sjálfbær, seig og öflug samfélög,“ sagði Dorota Amin, yfirmaður þróunarmála og samstarfs hjá WFP í Bandaríkjunum.

Með samstarfsverkefni eins og þessu veitir Lions og LCIF öfluga áminningu um að einföld fjárfesting í staðbundnum lausnum getur breytt lífi fólks, bætt námsárangur og styrkt efnahagssvæði.

„Þetta er byltingarkennt samstarf,“ sagði Dr. Hill. „Við erum að víkja frá hefðbundnum hugmyndum um aðstoð og vinna beint með samfélögum í gagnkvæmu samstarfi. Lions er í fararbroddi þessarar umbreytinga á þjónustu.“

Við erum að gera gæfumun, og hver einasti dalur sem gefin er til LCIF styður við styrki og verkefni sem auka áhrif okkar og veitir okkur ný tækifæri að þjóna á nýstárlegan hátt.“

Lærðu meira um LCIF-styrki og verkefni sem geta hjálpað þér að auka þjónustu þína með því að heimsækja lionsclubs.org/GrantsToolkit

Þýðing: Inga Lóa Steinarsdóttir

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Umdæmisstjóri 109B

Aðalsteinn Hallgrímsson,

Umdæmisstjóri 109B



Á gætu lionsfélagar.

Það er búið að vera einstaklega gaman og þroskandi þessi tími frá því að ég tók við embætti sem 2. vara umdæmisstjóri og ekki hvað síst síðasti vetur en þá vorum við Thelma umdæmisstjóri 109A að gera verkefni á netinu á Lion Portal fórum líka í kúrs hjá okkar besta fólki Halldóri Kristjánssyni og Jóni Pálmassyni. Í febrúar fórum við síðan út til Chicago þar sem við settumst á skólabeck, þá voru slétt 50

ár síðan ég var síðast í skóla. Þarna var okkur kennt margt, hvernig á að þekkja leiðtoga, hvernig á að bregðast við misklið á milli félaga, deila verkefnum o.s.frv. Allt var þetta gott og blessað spurning hvernig ég næ að vinna úr því sem ég lærði.

Í júlí fór ég á Alþjóðþingið í Orlando þar sem ég var settur í embætti Umdæmisstjóra 109B með heilmiklum „serimoníum“. Eftir að heim var komið hef ég verið í hálfgerðu sumarfrí frá lionsstarfinu. En þetta er allt að koma, ég kominn í gírinn og starfið farið í gang, má þar nefna að friðarspjaldaverkefnið er komið af stað, birkifræsöfnunin er í undirbúningi og er mikill áhugi hjá skógræktarmönnum á því verkefni. Blóðsykursmælingin verður á sínum stað og vona ég að allir klúbbar taki þátt því það verkefni er mjög gott sem kynning á því hvað við erum að gera í Lion. Nokkur námskeið eru í farvatninu m. a. Leiðtoganámskeið sem verður vonandi haldið á Akureyri ef næg þátttaka fæst, stefnt er á að halda námskeið fyrir svæðisstjóra, einnig er ætlunin að koma námskeiðum inn á klúbbfundi og svæðisfundi. Fleiri markmið mætti nefna eins og að stofna einn klúbb og að ekki verði færri félagar í B umdæminu í lok árs en í upphafi sem sagt stoppa fækkunina í

hreyfingunni sem er búið að vera vandamál. Staðan hjá mörgum klúbbum er ekki góð og það hefur reynst sumum klúbbum erfitt að fá nýja félaga. Ég ætla mér að reyna að sinna sérstaklega klúbbum sem eru í vanda. Það er ekki til nein ein lausn það þarf að skoða aðstæður hjá hverjum klúbbi fyrir sig og koma með lausnir sem henta, þetta er ekki vandamál heldur verkefni.

Mission 1.5 verður aðal verkefnið í vetur. Alþjóðaforsettinn A.P. Singh leggur mjög mikla áherslu á að lionsklúbbar taki fjölgunarmál föstum tókum og vinni markvist að því að ná inn nýjum félögum. Eins og venja er komum við sem erum í umdæmistjórn í klúbbaheimsóknir í vetur þá ætlum við að ræða fjölgunarmálin sérstaklega t.d. bjóða fram aðstoð frá okkar fólki.

Stóra málið er að enn vantar B umdæmin 2. vara umdæmisstjóra og svæðisstjóra í 1-2, 4, og 5. Auglýsi ég hér með eftir tilnefningum, væri vel þegið að þeir sem hafa áhuga verði í sambandi við mig eða að ég fái nöfn með sem ég get haft samband við. Að lokum vona ég að við í umdæmistjórninni eigum eftir að eiga gott samstarf við allt lionsfólk.

Góð samskipti – góður árangur

Vara umdæmisstjóri 109A

Einar Hilmarsson,

Lkl. Laugardal

Varaumdæmisstjóri 109A



Kæru Lionsfélagar

Ég vona að sumarið hafi gefið ykkur öllum góðar stundir með fjölskyldunni, ættingjum og vinum.

Sumarið er sennilega æði misjafnt hjá lionsklúbbum landsins. Hjá sumum klúbbum er þetta tími helstu fjáraflanna á meðan rólegra er yfir störfum annarra á því sviði. Þegar ég var að vaxa úr grasi þá var einn af hápunktum sumarsins að fara í lionsferðalagið. Félagar í lionsklúbbum buðu fjölskyldum sínum þá í ferðalag á framandi slóðir, eins og t.d. Húsafell, Hvítárnes og Þórsmörk og var þá a.m.k. stundum gíst í skálum eða tjöldum. Langt er nú liðið síðan maður fór í þessar ferðir og verður það að viðurkennast að ekki man ég allt sem skeði en ferðirnar sitja enn í minninga bankanum sem miklar skemmti og gleði ferðir. Sennilega eru þær ein ástæða þess að ég gekk í Lions. Ég þekki því miður ekki nægilega vel til allra klúbba landsins, en eflaust eru einhverjir klúbbar duglegir að njóta náttúru Íslands með fjölskyldum sínum og mæli ég með því við alla klúbba að fara í svona ferðir, þær treysta vinabönd og auðvelda nýjum félögum að kynnst þeim sem fyrir eru.

En nú nálgast haustið og réttir fram undan. Réttirnar hafa sennilega ekki áhrif á alla klúbba,

en þó suma. Okkar klúbbar t.d. hefur sitt vetrarstarf helst ekki fyrr en að göngum og réttum loknum. Það er alltaf gaman að mæta í réttir og þannig viljum við hafa lionsstarfið, þannig að helst allir hafi gaman af því að mæta á fundi og vilji taka þátt í störfum klubbanna. Þetta reynist klúbbum misauðvelt, en ekki vera feimin við að prófa nýja hluti og verið dugleg að fá áhugaverða fyrirlesara eða kynningar á fundi vetrarins. Það getur virkað hvetjandi hvað mætingu varðar og getur aukið löngun vina og kunningja til að mæta á fund og mögulega ganga í raðir Lions.

Ég mun í vetur halda áfram að heimsækja klúbba í Umdæmi 109A og er ég þegar farinn að hlakka til að kynnst nýju fólki í röðum Lions og sjá hvað er í gangi hjá klúbbum, en það hefur hingað til verið skemmtilega fjölbreytt.

Njótið heil og áfram Lions.

Viðtöl við þátttakendur í unglingabúðunum í Reykjanesbæ

Lionsklúbbarnir í Njarðvík, Lionsklúbbur Njarðvíkur og Lionsklúbburinn Æsa og Lionsklúbburinn Freyja í Keflavík sá um skipulagningu og umsjón með unglingabúðum Lions á Íslandi 2025. Grein um þær má finna annars staðar í blaðinu. Ritstjóri Lionsblaðsins ákvað að taka viðtal fyrir fjóra af þátttakendunum og eru þau hér að neðan. Spurningarnar voru eftirfarandi.

1. Hvaðan ertu
2. Hvernig fréttir þú af unglingabúðunum?
3. Hvers vegna valdir þú að fara til Íslands?
4. Hvernig hefur dvölin verið og stendur eitthvað sérstakt upp úr af því sem þú hefur þegar gert?

Mikkel - Peter



1. Ég er frá Grænlandi
2. Ég frétti af unglingabúðunum í gegnum Facebook þar sem ég sá auglýsingu frá Lions um einstakt tækifæri til að fá að ferðast og upplifa Ísland með unglingum frá öðrum löndum. Hann skrifaði því eina blaðsíðu um sig og sendi inn umsókn til lionsklúbbsins sem auglýsti eftir unglingi og hann var valinn til að fara.
3. Hann hafði ekki val, Ísland var eina landið sem var í boði og hann hafði hvort sem er áhuga á því að koma til Íslands.
4. Dvölin hefur verið mjög góð hingað til og margt komið á óvart hér. Ég saknaði reyndar fjölskyldu minnar og vinna til að byrja með en er kominn yfir það og dvölin hefur verið ánægjuleg. Við fórum „Gullna hringinn“ og sú ferð var frábær og eitt það fallegustu náttúru-fyrirbærum sem ég hef séð. Ég vill gjarnan koma aftur til Íslands í framtíðinni með fjölskyldu minni og ferðast um landið.

Luca – Alexandru



1. Ég frá Rúmeníu
2. Ég Leó félagi og það koma lionsfélagar til okkar á hverju ári sem segja okkur frá þessum möguleikum að fara í unglingabúðir til annarra landa og þar frétti hann um þetta.
3. Ég fékk lista yfir öll lönd sem voru með unglingabúðir og ég þurfti að sækja um þrjú lönd og lista þau upp og ég fékk það land sem ég valdi nr.1.
4. Dvölin hefur verið mjög góð og það sem stendur upp úr er hversu vel var tekið á móti þeim og hversu jákvæðir og góðir allir eru við þau að hjálpa með allt sem þau þurfa. Ég vill að lokum þakka öllum klúbbum sem standa að þessum búðum fyrir frábærar móttökur og það er alveg öruggt að hann koma aftur til Íslands í framtíðinni.

Iria



1. Ég frá Spáni
2. Mamma er lionsfélagi í bænum mínum og hún setti nafn mitt inn í umsókn um dvöl í unglingabúðum.
3. Ég fékk lista af löndum sem ég gat valið úr og þurfti að velja þrjú lönd og ég veit ekki hvernig er valið úr þeim lista. Ég sótti um Ísland númer 1 en ég gat ekki við viss um að komast hingað á þeim tíma sem ég gat komið en þetta gekk upp.
4. Við höfum mest verið hér í búðunum því allt er svo dýrt á Íslandi og veðrið verið frekar kalt. Við höfum farið í Bláa lónið og Gullna hringinn sem var ágætt. Ég gæti vel hugsað mér að koma aftur hingað í framtíðinni til að skoða landið betur.

Rok



1. Ég er frá Slóveníu
2. Þetta eru ekki mínar fyrstu unglingabúðir ég var í fyrra í Noregi og þar áður í Svíþjóð. Það var frænka mína sem er lionsfélagi í bænum sem kynnti fyrir mér þessum möguleika.
3. Ég valdi þrjú lönd eins og flestir hérna til að heimasækja, Sviss, Þýskaland og Ísland og var heppinn og komst til Íslands.
4. Dvöl hér hefur verið frábær hingað til. Ég kom hingað til lands degi á undan hinum vegna óhagstæðs flugs og ég sendi skilaboð til Íslands og Bjarni og Inga tóku við mér degi fyrr og leyfðu mér að gista svo ég þurfti ekki að vera á flugvellinum eða fá gista á hóteli. Búðirnar hafa verið eins þær eigi að vera en ég er mikill náttúru unnandi og koma hingað eins og til Noregs og Svíþjóðar út af náttúrunni. Gullni hringurinn var stórkostlegur en ég hef mikinn áhuga á að ferðast fótgangandi um Ísland til upplifa fleiri. Við komum öll hingað út af hversu stórkostleg náttúran er hér. Að lokum vill ég nefna að fólkið hérna er mjög opið og skemmtilegt og sem dæmi keypti ég aðra flugleiðina til Ísland því ég ætla að ferðast um landið eftir dvölinni í búðunum. Allir sem eru hér eru mjög hjálplegir við mig vegna þessa og segja við mig að hafa samband ef eitthvað bjátar á í ferðalagi mínu um landið.

Porkell Cýrussón ritstjóri

Samtakamáttur gegn sjálfsofnæmi

Með sameiginlegu átaki Lionshreyfingarinnar, Gigtarfélags Íslands, Landspítala og Læknadeildar HÍ var árið 1996 stofnuð Rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum. Verkefnið byggði á landsátaki Lions með rauðu fjöðrinni sem sameinaði fjáröflun og fræðslu. Rannsóknarstofan varð lykilforsenda í framþróun rannsókna á gigt hér á landi og lagði grunn að þeirri þekkingu sem við byggjum á í dag.


Árið 2024 leitaði Katrín Þórarinsdóttir, yfirlæknir Gigtardeildar Landspítalans, til Lionsklúbbs Álftaness um stuðning með vísan í þennan mikilvæga grunn sem lagður var tæpum þremur áratugum áður. Klúbburinn hóf þegar vinnu við að kynna sér viðfangsefnið og móta sýn og nálgun. Verkefnið var kynnt á Lionsþingi sama ár á Álftanesi, þar sem þáverandi forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, veitti lionsfólki hvatningu og stuðning. Hann tók á móti gestum sem tengdust verkefninu og skrifaði jafnframt hvatningarorð í blað sem klúbburinn gaf út í tengslum við þingið.

Sjálfsofnæmissjúkdómar verða til þegar ónæmiskerfið, sem á að verja okkur gegn sýkingum, ræðst ranglega á eigin líffæri og veldur skaða. Allt að 10% almennings glímur við slíka sjúkdóma, og stór hluti þeirra tengist gigt. Engin lækning er til, en margir þurfa öfluga ónæmisbælandi meðferð til að halda einkennum í skefjum. Um 4–5% landsmanna eru með greinda sjálfsofnæmisgigt og aðrir gigtarsjúkdómar, svo sem slitgigt og vesjagigt, leggjast á allt að fjórðung þjóðarinnar. Þrátt fyrir þetta er yfirsýn yfir algengi og þróun veikinda ófullnægjandi, og rauntímagögn skortir. Bið eftir sérfræðipjónustu getur numið heilu ári og fjármunir sem renna í rannsóknir eru langt frá því að endurspegla þann mikla samfélagslega kostnað sem þessir sjúkdómar valda. Þeir eru meðal helstu orsaka örorku á Vesturlöndum og eitt kostnaðarfrekasta heilbrigðisvandamál okkar tíma.

Samkvæmt erlendum gögnum kostar meðferð og samfélagsleg byrði sjálfsofnæmissjúkdóma hundruð milljarða dollara árlega í Bandaríkjunum og tugi milljarða punda í Bretlandi. Hér á landi liggja ekki fyrir sambærileg samræmd gögn, en ljóst er að áhrifin á einstaklinga, fjölskyldur og samfélag eru bæði djúpstæð og dýrkeypt – bæði í beinum og óbeinum kostnaði.

Stærstu áskoranir eru skortur á gögnum og úrvinnslu þeirra, langir biðlistar, lítill vitund almennings og stjórnvalda og takmarkað fjármagn til rannsókna. Á móti blasa þó mikil tækifæri: snemmgreining og forvirkar aðgerðir, nýjar rannsóknir sem bæta spálíkön, virk þátttaka almennings í eigin heilsuvernd og möguleikinn á að laða að hæfasta starfsfólk – bæði innanlands og erlendis.

Markmiðið er að Ísland verði virkur þátttakandi í alþjóðlegu átaki sem dregur verulega úr áhrifum gigtar og sjálfsofnæmissjúkdóma. Sýn okkar er að alvarlegar afleiðingar þessara sjúkdóma heyri sögunni til og að lausnir sem þróast hér geti nýst í baráttunni gegn fleiri meinum



sem mannkynið glímur við. Til þess þarf samstarf almennings, stjórnvalda og fræðasamfélags og uppbyggingu miðstöðvar sérþekkingar – „Frábærnisseturs“ (Center of Excellence) – sem sýnir árangur og laðar erlenda samstarfsaðila að. Sérstaða Íslands í genarannsóknum felst í litlum og einsleitum stofni þjóðarinnar, nákvæmum ættfræðigögnum, heildrænni heilbrigðisskráningu og umfangsmiklum erfðagögnum sem gera auðvelt að tengja erfðir við sjúkdóma. Þannig skapast grundvöllur fyrir mælanleg markmið sem bæta lífsgæði og draga úr heildarkostnaði samfélagsins.

Lionshreyfingin á kost á að gegna hér lykilhlutverki: að móta stefnu, leiða verkefnið áfram og auka vitund almennings og stjórnvalda. Hún getur styrkt verkefnið fjárhagslega, efttengslanetið og tekið þátt í verkefnum sem styðja við heildarsýnina. Með þessu má byggja ofan á þann árangur sem náðist með rauðu fjöðrinni árið 1996 og gera Ísland að fyrirmynd í baráttunni gegn sjálfsofnæmissjúkdómum.

Á fjöllumdæmisfundi Lions þann 6. september síðastliðinn var samþykkt tillaga Önnu Blöndal fjöllumdæmisstjóra um að kynna verkefnið sem mögulegt norrænt samstarfsverkefni. Anna mun kynna það á fundi fjöllumdæmisstjóra Lions á Norðurlöndum sem haldinn verður í Finnlandi í lok mánaðarins. Þetta er mikilvægt skref í átt að sýn okkar – að sameina krafta, innanlands sem erlendis, gegn sjúkdómum sem hvorki fara í manngreinaralit né virða landamæri.

Greinarhöfundar:

Anna Blöndal, fjöllumdæmisstjóri Lions í umdæmi 109

Jónatan Smári Svavarsson, fjöllumdæmisritari og

formaður Lionsklúbbs Álftaness



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Umhverfismál haustið 2025

Birkifræsöfnun

Undirbúningur er hafinn fyrir fyrsta verkefni Lions starfsársins 2025 – 2026. Nýlega var ég í sambandi við verkefnastjóra Skógræktarfélags Kópavogs sem heldur utan um sáningu og söfnun birkifræja. Kristinn H. Þorsteinsson segir „birkifræ verði fyrir tilbúin þetta haustið til söfnunar, en síðasta ár“. Einnig er hann tilbúinn til að fræða okkur lionsfélaga og koma á fundi ef þess er óskað. birkiskogur@gmail.com

Eftir fund umdæma í A og B og sameiginlega fjöllumdæmisfundinn 6. september munu nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu okkar, lions.is, undir VIÐBURÐIR – einnig mun nefndin senda frá sér upplýsingar inn á facebooksíðuna LIONS MÁL.

Hverjir verða með mér í umhverfisnefnd þetta starfsárið er ég spennt að vita, en það verður sithvor umhverfisfulltrúinn, einn frá umdæmi 109A og einn frá 109B. Nefndin mun senda ykkur bréf með nánari útfærslu um birkifræsöfnun eins og gert var á síðasta starfsári.



UMHVERFISVERND

Kæru lionsfélagar hlakka til samstarfsins þetta árið. Sameiginlega munum við í nefndinni leita eftir skemmtilegum og framkvæmdarlegum hugmyndum í þágu umhverfisins.

Sendi ykkur þessar línur með ósk um góða þátttöku þetta haustið, eins og síðasta haust.

Myndirnar sem fylgja greininni voru teknar við Þingvelli 24. ágúst 2025 og við Patreksfjörð þegar undirrituð heimsótti lionskonu og fór í berjamó. Hundar hennar fengu að vera með og voru mjög glaðir með það.


Með þökk fyrir svör ykkar og virkni á síðasta starfsári.

Dagný S. Finnsdóttir

Umhverfisstjóri hjá Lions MD 109.

Félagi í Lkl. Úla í Mosfellsbæ.

dsf@simnet.is



Ólafsvíkurandakt frá Lionsþingi 2025



Fimm félagar frá Lkl. Fjölmi mættu á 70. Þing Lionshreyfingarinnar á Íslandi, sem haldið var með pomp og pragt í Ólafsvík, dagana 25.-26. apríl s.l. Það var sannarlega vel við hæfi, þar sem Lkl. Fjölmi á 70 ára afmæli á þessu ári.

Undirritaður naut þess heiðurs að fara sem sérstakur aðstoðarmaður Halldórs Sævars Guðbergssonar, viðtakandi formanns í Lkl. Fjölmi. Við Halldór Sævar mættum seinnipart föstudagsins til leiks og voru okkur fengin í hendur þinggögn og annað sem tilheyrði þingsetu.

Auk þátttöku í þinginu sjálfu, þá settist Halldór Sævar á skólabekk fyrir verðandi formenn.

Við snæddum kvöldverð með öðrum þingfulltrúum um kvöldið. Alveg frábær heimaeldaður matur, ekkert jukk þar á borðum. Allt viðmót fólks á staðnum var dásamlegt og til fyrirmyndar, bros og hlýja mætti okkur hvarvetna. Við gengum snemma til náða, enda þreyttir eftir ferðina og vorum hvíldinni fegnir.

Undirritaður gat ekki annað en hrifist af Ólafsvík um leið og við ókum inn í bæinn. Allt á staðnum bar vott um snyrtimennsku, góða umhirðu, metnað og virðingu fyrir umhverfinu. Ég ákvað því að fara snemma upp á laugadeginum og var komin á stjá með myndavélina kl. 8:00. Ekki voru margir á ferli en þeir sem ég mætti heilsuðu mér brosandi og buðu góðan dag.

Myndirnar að ofan sýna Ólafsvík í morgunhúminu og svo dalverpið fyrir ofan bæinn með skemmtilegri gömguleið og svo flottum fossi, svona rétt til að fullkomna herlegheitin. Á stóru myndinni að neðan er svo frábær strönd og innfelda myndin sýnir sturtuáðstöðuna.

Ég segi bara: Ólafsvíkingar, takk fyrir frábæra gestrisni og glæsilegt utanumhald og framkvæmd á 70. þingi Lionahreyfingarinnar.

Með Lionskveðju. Guðjón Smári.





Á Ólafsvík er öflugt atvinnulíf og þar er sjávarútvegur og fiskvinnsla snar þáttur.

Hafnaráðstaða er til fyrirmyndar, bæði fyrir smábátaútgærd jafnt og fyrir stærri fiskiskip, eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Allt ber þar vott um snyrtimennsku og mikinn metnað.

Til vinstri má sjá eitt af eldri húsum bæjarins sem hefur fengið rækilega yfirhalningu og vekur verðskuldaða athygli veffarenda.

Á litlu myndunum til hægri er annarsvegar veglegt málagn bæjarins.

Hin myndin, sem sýnir gamalt skilti överslunarinnar Víðis, er öllu torræðari, en á sér eflaust einhverja merkeringu.



Ný stjórn Lkl. Fjölnis starfsárið 2025-2026

Að venju fóru fram stjórnarskipti í Lkl. Fjölni í júlí s.l. og má sjá nýja stjórnarmenn á meðfylgjandi myndum hér að neðan.

Sem kunnugt er þá átti Lkl. Fjölnir merkisafmæli á þessu ári, en þá voru liðin 70 ár frá stofnun klúbbsins. Eins og fram kom í síðasta Lionsblaði var haldið upp á tímamótin með glæsilegri afmælisveislu. Þá er í vinnslu glæsilegt afmælisrit sem kemur út á næstunni.



Halldór Sævar Guðbergsson, formaður.



Kristján Agnar Ómarsson, ritari.




Baldvin Gunnlaugur Heimisson, gjaldkeri.




September – myndasíða

■ Bryndís McFadden Ragnarsdóttir

■ Guðmundur Jónsson

■ Friðgeir Guðmundsson





Lionsklúbburinn Víðarr Golfklúbbur Víðarss



Eins og mörgum ykkar er kunnugt er starfræktur golfklúbbur innan Víðarss og hefur verið um margra ára skeið. Félagarnir sem stunda golfið eru um tólf talsins og hafa gaman af því að halda hópinn og hittast utan venjulegs fundartíma yfir veturinn.

Kylfingarnir eru félagar í nokkrum klúbbum um Reykjavíkur svæðið og spila nokkuð reglulega yfir sumar mánuðina. Enn fremur hafa nokkrir tekið sig saman og verið virkir að vetri til og spilað innigolf í svokölluðum „golfhermum“ sem eru orðnir margir á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur hafa menn af og til farið í golfferðir erlendis sem er afar skemmtileg tilbreyting fyrir þátttakendur.

Fyrir all nokkrum árum eða árið 1998 hófust árlegar keppnir innan hópsins og farand verðlaunabikar fékkst til að afhenda þeim sem besta árangri náði. Þá var einungis tekið mið af höggafjölda og vann sá sem fæst högg átti í keppninni. Golfmótin hafa verið haldin víða á golfvöllum á Reykjavíkur svæðinu og utan þess svo sem á Kiðjabergi og á Flúðum. Hefur þetta ávallt verið hin besta skemmtun og þjappað Víðarrsmönnum saman og eftl félagsskapinn.

Þessi fyrsti bikar „týndist“ í nokkur ár, gleymdist“ í fórum þess sem unnu það árið og Pétur Már félagi okkar lagði til nýjan bikar, í nafni VÍS tryggingafélags sem hann starfaði fyrir í stað þess sem var þá glataður.

Um tíu árum síðar kom „týndi“ bikarinn í leitirnar og því voru bikararnir orðnir tveir! Árið 2014 lagði svo Guðmundur S, einn aðal

hvatamaður í Víðarss golfinu og mótsstjóri til margra ára, til annan bikar eða stytta, sem nefnist „Víðarrinn“.

Voru nú komnir þrír bikarar sem keppt var um á hverju ári. Þar fyrir utan eru haldin vormót þar sem tveir og tveir keppa saman, eftir ákveðnu fyrirkomulagi, betri bolti og félagar keppa með maka eða vini og hafa þessi mót verið vel sótt og afar skemmtileg.

Eftir að bikararnir voru orðnir þrír setti Guðmundur S fram reglu um hvernig til hvers bikars yrði unnið. Gamli bikarinn fyrir fæst högg án forgjafar, nýi bikarinn fæst högg með forgjöf og nýi bikarinn, Víðarrinn fyrir flesta punkta. Þannig hefur þetta verið gert síðustu 10 árin. Þá er rétt að geta þess að enginn einn getur fengið tvenn verðlaun.

Nú í síðustu viku var svo þetta „aðal“ mót okkar haldið að Korpúlfsstöðum í Golfklúbbi Reykjavíkur þann 6. ágúst og þátttaka var 12 félagar (þrjú holl) og fjórir makar (sem kepptu þó ekki í mótinu). Niðurstaðan að þessu sinni var að á fæstum höggum án forgjafar var Kristinn Guðjónsson, fæstum höggum með forgjöf var Helgi Gunnarsson og með flesta punkta var Guðgeir Eyjólfsson og fékk hann Víðarrinn.

Um skipulagningu sá golfnefndin, Kristinn Guðjónsson, Guðmundur S Guðmundsson og Guðlaugur Jónsson.

f.h. Golfnefndar
Kristinn Guðjónsson


Sameiginlegur fundur fjölumdæmisráðs og umdæmisstjórna

Laugardaginn 6. september síðastliðið var haldinn fyrsti fundur Fjölumdæmisráðs og umdæmisstjórna fjölumdæmis 109. Fundurinn var bæði staðfundur og fjarfundur eins og flestir fundir Fjölumdæmis 109 eru í dag. Mæting á þennan fund var afar góð bæði í Hlíðasmára 14 í Kópavogi og þeir sem sóttu fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Umræður voru uppbyggilegar og afar góðar um málefni umdæmanna og fjölumdæmisins. Það væri of langt mál að fara í alla þætti hér en ég bendi þeim sem vilja lesa fundargerð fundarins að nálgast hana á lions.is en þar þarftu þú að skrá þig inn á innri vef (lions.is/innri) til að geta nálgast hana. Ég læt nokkrar myndir fá fundinum fylgja þessum greinarstúfi.

Porkell Cýrussón ritstjóri.



Alþjóðlegar ungmennabúðir Lions á Reykjanesi Ævintýri og vinátta án landamæra



Reykjanesbær, júlí 2025

Lionsklúbburinn Freyja, Lionsklúbbur Njarðvíkur og Lionsklúbburinn Æsa í Reykjanesbæ sameinuðu krafta sína og héldu alþjóðlegar ungmennabúðir sem fóru fram dagana 4.-17. Júlí. Í búðunum voru fjórtán ungmenni frá jafnmörgum Evrópulöndum sem fengu að kynna íslenski náttúru og menningu. Búðirnar voru staðsettar í Íþróttahúsinu í Njarðvík og þar myndaðist fljótt góður andi meðal ungmennanna.

Fjölbreytt dagskrá við allra hæfi

Dagskráin var sérstaklega sniðin að því að kynna ungmennunum íslenska náttúru, menningu og samfélag. Meðal annars var farið í gönguferð meðfram ströndinni í Reykjanesbæ þar sem þau heimsóttu skessuna og fengu Huppuís í lokin. Ungmennin nutu þess einnig að skoða sólsetrið frá Garðskagavita sem var mörgum ógleymanleg upplifun.

Lionsklúbburinn í Sandgerði tók þátt í verkefninu með því að bjóða

ungmennunum í Fræðasetrið, sund og á kaffihúsið Golu. Einnig var farinn Reykjaneshringurinn þar sem ungmennin skoðuðu helstu náttúruperlur svæðisins þar á meðal brúna milli heimsálfa, Brimketilinn, Gunnhver og Reykjanesvita.

Hópurinn gekk einnig á Þorbjörn, fór í Bláa lónið og fékk fræðslu um Lions og sjálfbærni frá Úlfi Atlasyni úr Lionsklúbbum [Iceland.is](https://www.iceland.is) í Háskólanum í Reykjavík og Björgúlfu úr Lionsklúbbi Hafnarfjarðar.

Haldinn var alþjóðadagur þar sem ungmennin kynntu heimaland sitt fyrir hvort öðru og gestum. Einnig var boðið upp á ýmislegt matarkyns frá hverju landi og Íslandi að sjálfsögðu líka. Þetta var fróðlegur og skemmtilegur dagur.

Viðburðarík upplifun

Dvölin var ekki síst eftirminnileg fyrir fjölbreytta afþreyingu. Vatnaveröld var sérlega vinsæl meðal þátttakenda og mikið var spilað og farið í leiki.



Ungmennin fengu einnig að upplifa Gullna hringinn, keyrðu Hvalfjörðinn, heimsóttu Hernámssetrið og Guðlaugu á Akranesi.

Lionsklúbbur Grindavíkur tók virkan þátt í móttöku ungmennanna og kynnti fyrir þeim samfélagið í Grindavík og þær áskoranir sem íbúar þar hafa staðið frammi fyrir vegna náttúruhamfara.

Síðustu dagana fengu ungmennin frjálсан dag í Reykjavík, heimsóttu FlyOver Iceland og Perluna og fengu óvæntan bónus þegar eldgos hófst en það var það eina sem þeim var lofað að þau myndu ekki upplifa. Farið var á rúntinn upp úr miðnætti til að sjá eldgosið betur. Þetta fannst þeim fullkominn endir á skemmtilegum búðum.

Alþjóðleg vinátta og samstarf

Ungmennabúðirnar eru hluti af alþjóðlegu starfi Lions sem leggur áherslu á að efla skilning og vináttu milli þjóða. Fyrir ungmennin var þetta einstakt tækifæri til að kynnst jafnöldrum frá öðrum löndum,

læra um íslenska menningu og náttúru og skapa minningar sem endast ævilangt.

Skipuleggjendur búðanna eru afar ánægðir með árangurinn. „Allt heppnaðist vel og ungmennin voru glöð með búðirnar," segir í yfirlýsingu frá klúbbunum þremur, sem þakka öllum þeim fyrirtækjum, Lionsklúbbum og félögum sem lögðu hönd á plóg til að gera þessa viðburðaríku viku að veruleika.

Ungmennabúðir Lions hafa í gegnum árin skapað ótal tækifæri fyrir ungt fólk til að víkka sjóndeildarhringinn og styrkja alþjóðleg tengsl og sýna verkefni sem þetta vel hvernig Lionshreyfingin vinnur að bættum heimi með fræðslu og vináttu án landamæra.

Hafðís Friðriksdóttir

Lionsklúbburinn Eik



Lionsklúbburinn Eik hefur frá árinu 1988 hluð að gróðri og sinnt uppgræðslu á melnum í Smalaholti í Garðabæ. Þetta frábæra umhverfisverkefni tók vissulega á í byrjun en um var að ræða gróðursnað holt og mela. Við erum búna að gróðursetja nokkur þúsund tré á þessum árum. En núna njótum við daganna og uppskerunnar ríkulega.

Í júní byrjun hittumst við lionsfélagarnir og nutum þessa að eiga ljúfa stund í þessum sælureit okkar. Mikið sem við nutum þess að hittast Sólveig Hanna einn af stofnfélögunum

mætti með flotta tertu. Eyrún Jóhannsdóttir mætti með stóran pönnukökustafla og fleiri komu með dýrðlegar veitingar. Allt í tilefni 40 ára afmælis Eikar. Við nutum samverunnar og rifjuðum stundirnar í afmælisferðinni okkar í siglingunni á Rín. Við Sam mæltumst um að fagna afmælinu allt þetta ár. Lífið er svo ljúft í Lionsklúbbum Eik.

Laufey Jóhannsdóttir



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Kveðja frá Lionsklúbbum Úu



Við kveðjum gott sumar og með tilhlökkun heilsum haustinu sem nú gengur í garð. Haustlitir skarta sínu fegursta og við njótum uppskeru sumars. Eitt að verkefnum haustsins er að týna birkifráe og þá verður nú tekið til hendinni.


Undirbúningur vetrar er hafinn og Úur hefja sitt starf þann fyrsta september með fundi í safnaðarheimili Lágafellssóknar.

Pegar straumurinn lá á menningarnótt hjá mörgum þá héldu Úur á Apavatn. En þá var haldin hin árlega útilega Lionsklúbbs Mosfellsbæjar líkt og verið hefur undanfarin ár. Herrarnir hafa í mörg ár boðið okkur stúlkunum í Lionsklúbbum Úu að vera með í árlegri útilegu sinni. Í ár var góð mæting eins og oftast hefur verið og margt til gamans gert. Í gegnum tíðina hafa myndast ýmsar skemmtilegar hefðir eins og að

spila golf. Þar spila menn og konur golf hvort sem þeir hafa reynslu eða ekki. Hjá sumum kveikir leikurinn áhuga og talað er um að byrja í golfinu! Eftir golfið eru grillaðar "Gauja" samlokur og þeirra notið með góðum drykk. Um kvöldið er svo grillað lambalæri "a la Kiddi" og sungið og trallað eftir að njóta matar. Skemmtilegast og best er að hver og einn syngur með sínu nefi.

Veðrið lék við gesti og sérstaklega þá sem kunna að klæða sig við hæfi.

Tobba / Þorbjörg Friðriksdóttir



Lionsklúbburinn Víðarr

Einhverfudeildin Vogasetur í Vogaskóla var stofnuð árið 2011 og sinnir þar 8 nemendum með hamlandi einhverfueinkenni sem þurfa mikinn stuðning í daglegu skólastarfi. Markmið deildarinnar er að veita einstaklingsmiðaða kennslu, styðja við nám í almennu skólastarfi og skapa hvetjandi námsumhverfi þar sem hver nemandi fær að njóta sín á eigin forsendum. Kennarar leggja áherslu á að fylgja tækninýjungum og beita fjölbreyttum kennsluháttum sem efla þátttöku og áhuga nemenda. Með þessu vinnur deildin markvisst að því að tryggja nemendum jöfn tækifæri og uppbyggilegt nám í öruggu umhverfi.

Við skólasetningu Vogaskóla þann 22. ágúst 2025 afhentu þeir Reynir Tómas Geirsson stjórnarmaður Lionsklúbbsins Víðarrs og Örn Helgason úr verkefnanefnd klúbbsins einhverfudeildinni gagnvirkan skjá sem mikil vöntun hefur verið í starfi deildarinnar. Skjárinn var afhentur Snædísí Valsdóttur skólustjóra Vogaskóla og Helgu Hafdísí Gísladóttur verkefnastjóra einhverfudeildarinnar í viðurvist ca. 200 barna og foreldra þeirra. Skjárinn mun nýtast bæði í kennslu og þjálfun starfsfólks, býður upp á myndrænt námsefni, fjölbreyttar aðferðir og eykur þátttöku nemenda með gagnvirkum lausnum.

Það ríkir mikil gleði með þennan skjá bæði hjá nemendum og starfsfólki skólans. Seinna í vetur hefur Lionsklúbbnum Víðarr verið boðið í léttan kvöldverð og kynningu á starfi einhverfudeildarinnar í þakklætisskyni.



Námskeið framundan

Eftirfarandi námskeið eru ráðgerð á næstunni. Þau verða öll í Lionsheimilinu að Hlíðasmára 14 og eins verður boðið upp á þau í fjarfundi.

Formannanámskeið	laugardaginn 27. september	klukkan 09:30
Ritaranámskeið	laugardaginn 4. október	klukkan 10:00
Svæðisstjóranámskeið	laugardaginn 11. október	klukkan 10:00

Sjá nánar á lions.is undir viðburðir.

Kveðja fræðsluteymið.

